

Viðauki við samantekt lýsingar dags. 17. maí 2022

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 (hér eftir „Reglugerðin“). Samantekt dags. 17. maí 2022, ásamt viðauka þessum (hér eftir „samantekt“), útgefin af Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík („Ölgerðin“, „Útgefandi“ eða „félagið“) auk fyrri viðauka dags. 23 maí 2022, skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í samantektinni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta samantektarinnar.

Með viðauka þessum eru breytingar gerðar á kafla B. „Lykilupplýsingar um Útgefandann“ á bls.2 í samantekt lýsingar.

B. Lykilupplýsingar um Útgefandann

Í töflu á bls. 3 í samantekt lýsingarinnar undir liðnum b) „Helstu fjárhagsupplýsingar um Útgefanda“ eru samandregnar upplýsingar úr rekstrarreikningi Útgefanda. Undir liðnum Rekstrarhagnaður er orðið (EBITDA) til skýringar en eins og fram kemur í Útgefandalýsingu félagsins er einfaldlega um að ræða rekstrarhagnað.

Fyrsti dálkur fjórðu línu í töflu undir liðnum b) „Helstu fjárhagsupplýsingar um Útgefanda“ breytist því sem hér segir:

Í stað textans: „Rekstrarhagnaður (EBITDA)“ skal standa „Rekstrarhagnaður“.

Á blaðsíðu 4 í lið ii) „Rekstraráhætta“ undir lið c) „Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir Útgefandann“ er fjallað um lykiláhættuþætti og er þar tiltekið að 63% tekna komi til vegna sölu á framleiðsluvörum en í Útgefandalýsingu er tiltekið að um 63% framlegðar sé að ræða

Fyrsta málsgrein í fyrsta punkti (e.bullet) breytist því sem hér segir:

Í stað textans „Um 63% tekna samstæðunnar komu til vegna sölu á framleiðsluvörum árið 2021, en eigin framleiðsla er samtala eigin vörumerkja og framleiðslu með sérleyfum.“ Skal standa „Um 63% framlegðar samstæðunnar komu til vegna sölu á framleiðsluvörum árið 2021, en eigin framleiðsla er samtala eigin vörumerkja og framleiðslu með sérleyfum.“

Réttur til afturköllunar

Í samræmi við 2. mgr. 23. gr. Reglugerðarinnar er hér með tilkynnt um eftirfarandi. Þeir fjárfestar sem þegar hafa skráð sig fyrir verðbréfum í almennu hlutafjárútboði Ölgerðarinnar, áður en viðaukinn var birtur, eiga rétt á að afturkalla skráningu sína innan tveggja virkra daga frá því viðaukinn er birtur.

Fjárfestum er bent á að hafa samband við olgerdin@kvika.is hyggist þeir neyta réttar síns til afturköllunar. Rétturinn fellur niður að 27. maí liðnum.

Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðaukans fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður og forstjóri Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Ölgerðarinnar, sem Útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem að viðaukinn inniheldur, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 24. maí 2022

Fyrir hönd Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

DocuSigned by:

Októ Einarsson

F972E7F58DFB432...

Októ Einarsson

Stjórnarformaður

DocuSigned by:

Andri Þór Guðmundsson

B309A61696C84BF...

Andri Þór Guðmundsson

Forstjóri